

Íslensk ættleiðing

Ársreikningur 2018

Efnisyfirlit**bls.**

Skýrsla stjórnar	2 - 4
Áritun óháðs endurskoðanda	5 - 6
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8 - 9
Sjóðstreymi	10
Skýringar	11 - 15

Íslensk ættleiðing.
Kennitala 531187-2539
Skiopholti 50b, 105 Reykjavík

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi félagsins

Samkvæmt samþykktum Íslenskrar ættleiðingar eru tilgangur þess:

- að vinna að alþjóðlegum ættleiðingum með því markmiði að hagsmunir barnsins séu ávallt hafðir í fyrirrúmi í and Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og Haagsamningsins um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa frá 29. maí 1993
- að vinna að velferð og réttindamálum kjörfjölskyldna
- að aðstoða fólk sem vill ættleiða börn erlendis frá
- að standa fyrir fræðslu fyrir félagsmenn í formi fræðslufunda, námskeiða og fyrirlestra
- að vinna að jöfnum rétti allra, burtséð frá uppruna
- að auka þekkingu og skilning samfélagsins og stjórnvalda á ættleiðingu og kostum hennar fyrir barn og kjörfjölskyldu
- að stuðla að velferð barna í samræmi við Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og Haagsamninginn um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa frá 29. maí 1993.

Íslensk ættleiðing hefur löggildingu dómsmálaráðuneytisins til að annast milligöngu um ættleiðingar til Íslands frá 5 löndum; Búlgaríu, Kína, Kólumbíu, Tékklandi og Tógó.

Um ættleiðingar gilda lög nr. 130/1999 með síðari breytingum og reglugerðir um ættleiðingar nr. 238/2005 með síðari breytingum og um ættleiðingarfélög, nr. 453/2009 með síðari breytingum.

Íslensk ættleiðing er rekin án hagnaðarsjónarmiða og til að sinna hlutverki sínu sem sett er fram í lögum og reglugerðum hefur félagið gert þjónustusamning við dómsmálaráðuneytið um skilgreinda þjónustu til að tryggja að veita umsækjendum liðsinni sem nauðsynlegt er til að af lögmætri ættleiðingu geti orðið.

Rekstrarlegar grunnforsendur félagsins eru tryggðar með framlagi ríkisins í þjónustusamningnum og er rekstargrundvöllur félagsins ekki háður fjölda umsækjenda eða fjölda ættleiðinga. Þetta fyrirkomulag er nú nefnt Íslenska ættleiðingarmódelið og hefur vakið athygli langt út fyrir landsteinanna.

Fræðsla, ráðgjöf og stuðningur er meginstoð í ættleiðingarferlinu og er lágmarksþjónusta tryggð með framlagi ríkisins til þjónustusamningsins.

Starfsemin á árinu

Íslensk ættleiðing fagnaði því á árinu að 40 ár eru liðin frá stofnun félagsins. Dómsmálaráðherra ásamt friðu föruneysi fögnuðu afmælisdeginum 15. janúar með stjórn félagsins og fyrrum formönnum þess. Fyrri formenn félagsins voru sérstaklega heiðraðir við þetta hátíðlega tækifæri.

Tímamót urðu í starfi félagsins árið 2018 þegar ný fræðsluáætlun tók gildi. Með henni jókst fræðsla til umsækjenda og færðist hún mun framar í ættleiðingarferlinn. Þá var tekið upp nýtt verklag þegar umsækjendur leggja fram umsókn um forsamþykki og er nú gerður samningur á milli umsækjenda og félagsins um þá þjónustu sem veitt er í ferlinu.

Með breyttri fræðsluáætlun hefur fjöldi stunda sem umsækjendur fá í forsamþykkisferlinu aukist úr 28 í 39. Með því að færa fræðsluna framar í ferlið er markmiðið að þekking umsækjenda á ættleiðingarmálaflokknum komist til skila inni umsögn barnaverndar. Það ætti að stuðla að því að fjölskyldur frá Íslandi skeri sig úr þegar kemur að þekkingu, þegar þær eru bornar saman við aðra umsækjendur í upprunalöndum barnanna sem félagið starfar með. Þetta skiptir sérstaklega máli í þeim löndum sem para umsækjendur við munaðarlaus börn.

Fræðsla til barnaverndarnefnda jókst á síðastliðu ári og fengu allar barnaverndarnefndir fræðslu um málaflokkinn.

Félagið finnur fyrir auknum áhuga á fræðslu, og hefur fjöldi beiðna frá fagaðilum, háskólasamfélaginu og hagsmunaaðilum aukist á árinu. Sérstaklega hefur orðið aukning innan skólasamfélagsins, jafnt leikskóla og grunnskóla.